

Svör er flokkuð frá 1 – 6 en þau sem eru merkt 0 mega í raun vera hvar sem er þ.e. þetta eru atriði sem þarf að hafa í huga þegar veita á skyndihjálþ vegna bruna.

A 5 Hylja brunasárið lauslega með hreinum umbúðum ...	B 0 Fjarlægja föt og skartgripi sem eru nærri brunasvæðinu en þó ekki ef fötin eru föst í sárinu ...
C 2 Kæla brunasárið með köldu eða volgu kranavatni...	D 6 Það má einnig nota hreinan klút eða eitthvað sem ekki festist við sárið svo sem plastpoka eða eldhúsfilmu...
E 0 Passa þarf að sprengja ekki blöðrur á brunasárinu...	F 3 Halda áfram að kæla brunann í 15-20 mínútur eða þar til sársaukinn dvínar...
G 4 Hringja síðan á Neyðarlínuna 112 ef bruninn virðist mjög slæmur eða er á andliti, eyrum, höndum, fótum, liðum...	H 1 Stöðva brunann.....



Skyndihjálþ

Hvað sérðu?

Bruni hefur löngum verið nefndur fyrsta, annars og þriðja stigs brunni.

Fyrsta stigs brunni: (yfirborðsbruni) er brunni á ysta lagi húðarinnar (yfirhúðar). Einkenni hans eru roði, væg bólga, eymsli og sársauki. Húðin grær án örs, venjulega innan viku. Útjaðrar alvarlegra brunasára eru oft með fyrsta stigs bruna.

Annars stigs brunni: (hlutþykktarbruni) nær gegnum allt ysta lag húðarinnar og inn í leðurhúðina. Blöðrur, bólga, vessamyndun og mikill sársauki einkenna slíkan bruna en þau eru afleiðing þess að hárfæðar hafa skemmst og vökvi lekið út í vefina. Heilar blöðrur veita brunasárum dauðhreinsaða og vatnspétta hlíf. Þegar blaðra springur vessar úr sárinu og hætta á sýkingu eykst

Þriðja stigs brunni: (fullþykktarbruni) er alvarlegur brunni sem nær gegnum öll húðlögin og inn í fituna og vöðvana undir henni. Húðin verður leðurkennd, hvít eða perlugrá og stundum líka sviðin. Húðin verður þurr vegna þess að hárfæðarnar skemmast og hætta að bera henni vökva. Húðin hvítnar ekki undan þrýstingi af því að svæðið er dautt. Þriðja stigs bruna fylgir enginn sársauki vegna þess að taugaendarnir hafa skemmst eða eyðilagst. Allur sársauki kemur frá minna brenndum svæðum í kring. Þriðja stigs brunni krefst þess að lækniir fjarlægji dauðan vef og oft þarf að græða húð á svæðið til að sárið grói almennilega.

Hvað gerirðu?

Stöðvaðu strax brunann með vatni, teppi eða öðru slíku.

Kældu brunasvæðið með volgu vatni þar til sársaukinn er horfinn.

Búðu um sárið með blautum sáraumbúðum.

Ef bruninn nær yfir stórt svæði eða þér virðist hann vera alvarlegur skaltu hringja í Neyðarlínu 112. Það skiptir þó meira máli að kæla brunasárið en að flytja viðkomandi til læknis strax.

Annað

Fjarlægðu föt eða skartgripa ef það er ekki fast við húðina.

Sprengdu ekki blöðrur á brunasári.

Ef kviknað hefur í fötum skaltu fjarlægja þau (í áttina frá andliti).